



Síldarminjasafn Íslands ses
Snorrágata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604

Ársskýrsla Síldarminjasafns Íslands ses. 2018

Árið var sérlega viðburðaríkt, enn og aftur urðu safngestir fleiri en nokkru sinni fyrr – rúmlega 27.500, sem gerir tæplega 8% aukningu frá fyrra ári. Erlendum gestum fjölgaði jafnframt töluvert hlutfallslega, úr 62% árið 2017 í 73%. Komur skemmtiferðaskipa jukust um allan helming, úr tuttugu og tveimur komum í fjörtíu! Skipafarþegar voru um fjórðungur gesta safnsins á ársgrundvelli og eru slíkar heimsóknir safninu verðmætar. Síldarsöltunum á planinu við Róaldsbrakka fjölgaði til samræmis við skipakomurnar og fóru alls fram 59 saltanir, sbr. 32 árið áður.

Starfsmannahald breyttist lítillega á árinu. Kristína Berman var ráðin í fullt starf um mitt ár, en hún hafði verið í hlutastarfi í eitt ár, og sinnir hún einna helst gríðarstörum ljósmyndakosti safnsins, sem og gestamóttöku og öðrum verkefnum. Aðrir fastráðnir starfsmenn eru Anita Elefsen og Steinunn M. Sveinsdóttir, auk Örylgs Kristinnssonar sem var í hlutastarfi. Ráðnir voru átta sumarstarfsmenn, sex önnuðust gestamóttöku, safngæslu, leiðsagnir og þríf en tveir sinntu viðhaldi og öðrum tilfallandi verkefnum.

Skráning á safnkosti fór fram með skipulegum hætti og lögð var megináhersla á skráningu gripa í grunnsýningu Gránu, samhliða nýjum aðföngum. Tölusettar voru 439 nýskráningar í aðfangabók, sem innihalda alls um 550 gripi. Í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, voru skráðar 427 færslur, sem hver inniheldur eitt eða fleiri aðföng. Mikil vinna var lögð í skráningu ljósmynda og eru vikulegar myndasýningar á Skálarhlíð, dvalarheimili aldraðra, þar lyklatríði. Greindar voru um 3.300 ljósmyndir á árinu, auk þess sem 30.000 frummyndum voru gefin safnnúmer og atriðisorð skráð. Þar að auki var 30.000 frummyndum komið í nýjar sýrufriar umbúðir.

Mikil vinna var lögð í áframhaldandi uppbyggingu Salthússins. Lokið var við að einangra húsið allt að innan. Heimtaugar fyrir heitt vatn og rafmagn voru lagðar að húsinu á haustdögum og í kjölfarið var hafist handa við að leggja raflagnir á bæði efri og neðri hæð hússins. Smíðir luku við að klæða loft og vegg í varðveislurými og forvörsluherbergi á efri hæð og milliveggir voru reistir á báðum hæðum hússins. Búið er að smíða allar gluggagrindur, útihurðir og stiga á vesturhlíð hússins.

Lokið var við hreinsun og forvörslu á frystivélasamstæðu í Frystihúsinu, en þar er áætlað að opna nýja sýningu á næstu misserum. Þak Njarðarskemmu var málað og lokið var við viðgerð á ytra byrði Hlíðarhúss á haustdögum. Ásýnd hússins breyttist töluvert, en lokið var við að skipta um glugga og klæðningu, gengið var frá þakkanti og hornborð sett á húsið. Viðgerð hússins að utan er þar með formlega lokið.

Síldarminjasafnið lagði mikið af mörkum við undirbúning og framkvæmd Norrænnar Strandmenningarhátíðar sem fram fór á Siglufirði í júlí, samhliða árlegri Þjóðlagahátíð. Safnstjóri starfaði í þrjú manna undirbúningsnefnd hátíðarinnar í rúmt ár og fóru fram fjölbreyttir viðburðir í húsakynnum safnsins. Í Gránu fór fram málþing um viðgerðir og viðhald báta og um hefðir í norrænni strandmenningu og skráningu á smíði súbyrðings hjá UNESCO. Gamli Slippurinn var opinn gestum og gangandi en þar voru norskir og íslenskir bátasmiðir við vinnu og jafnframt fór fram

bátasmiðanámskeið og fengu þátttakendur tækifæri til að taka þátt í nýsmíði súðbyrðings og viðgerð á eldri bátum. Síldargengið hélt uppi fjörinu á planinu við Róaldsbrakka þessa hátíðardaga og fóru fram sex síldarsaltanir auk þess var mikið síldarhlaðborð sett upp, þar sem tveir sænskir gestakokkar reiddu fram dýrindis síld, ýmist marineraða eða grillaða. Ný útisýning var sett upp á bryggjunum milli safnhúsanna, um síldveiðar Svía við Íslandsstrendur. Sýningin var unnin í samvinnu við Bohuslän Museum í Uddevalla í Svíþjóð. Af því tilefni voru viðstaddir á Siglufirði þrír starfsmenn frá Bohuslän Museum og tveir fyrrum síldveiðisjómenn, sem stunduðu veiðar frá Siglufirði í lok sjötta áratugarins. Þjóðminjavörður, mennta- og menningarmálaráðherra, norsku og sænsku sendiherrarnir og Forseti Íslands voru meðal þeirra sem sóttu safnið heim á Strandmenningarhátíð.

Árlegt bátasmiðanámskeið fór fram í október, undir handleiðslu Hafliða Aðalsteinssonar, og var vel sótt. Að þessu sinni var unnið að viðgerð báta í grunnsýningu Bátahússins, smíðað var nýtt afturmastur á Draupni, að fyrirmynd þess gamla sem var orðið illa fúíð. Þar að auki voru endursmíðuð plitti, þóftur, gannering og nótarenni á Brávallabátinn, nótabát frá því um 1950. Þátttakendur voru átta talsins, og voru ýmist iðnnemar, starfsmenn safna eða áhugamenn.

Unnið var að sýningu með Byggðasafninu í Gamvik, í Finnörku, nyrst í Noregi. Verkefnið er styrkt af NORA og Norsk Kulturråd og felst í að bera saman samfélög safnanna í fortíð og nútíð – og setja upp sýningu. Sjávarútvegur hefur verið undirstöðuatvinnugrein bæði á Siglufirði og í Gamvik, sem og víðar í Finnörku í gegn um tíðina. Norðmenn áttu stóran þátt í síldveiðum við Íslandsstrendur – og í dag eru Íslendingar umsvifamiklir í útgerð og fiskvinnslu í Finnörku. Bæði á Siglufirði og í Gamvik hefur verið byggt á sögunni og menningararfinum, með starfsemi safna og annarri ferðapjónustu. Í marsmánuði dvöldu þau Torstein Johnsrud frá Gamvik Museum og Hilde Nielsen frá Nordkappmuseet vikulangt á Siglufirði. Tíminn var vel nýttur til undirbúnings- og heimildavinnu. Anita Elefsen og Steinunn M. Sveinsdóttir héldu svo til Finnmerkur í október og unnu ásamt samstarfsaðilum að efnistöfum sýningarinnar, sem sett verður upp í júní 2019, bæði á Siglufirði og í Gamvik, og mun standa sumarlangt.

Í desemberbyrjun var gefin út ljósmyndabókin *Siglufjörður. Ljósmyndir / Photographs 1872-2018*. Höfundar bókarinnar eru starfsfólk safnsins, þau Anita Elefsen, Steinunn M. Sveinsdóttir og Örlygur Kristfinnsson, og útgefandi er safnið sjálft. Tilefni útgáfunnar var 100 ára kaupstaðarafmæli Siglufjarðar þann 20. maí, en á árinu voru jafnframt 200 ár frá því að staðurinn öðlaðist kaupstaðarréttindi. Útgáfa bókarinnar var framlag safnsins til samfélagsins á þessum merku tímamótum og um leið skref til miðlunar á sögu staðarins. Í bókinni er að finna á 140 ljósmyndir sem valdar voru af mikilli kostgæfni, með það að leiðarljósi að endurspegla sögu staðarins á sem fjölbreyttastan hátt. Ljósmyndirnar eru allt frá 1872 og til nútímans og hverri ljósmynd fylgir hnitmiðaður texti, á bæði íslensku og ensku.

Almennt gekk rekstur safnsins vel á árinu. Veltan nam 83 mkr. og var rekstrarniðurstaðan jákvæð um tæpar 300.000 kr. Stærstu verkefni ársins voru framkvæmdir við Salthúsið og útgáfa ljósmyndabókarinnar.

Siglufirði, 15. apríl 2019



Anita Elefsen, safnstjóri